

Félagsmálaráðuneytið, kt. 521218-0610, og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, kt. 570380-0449, annars vegar, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, hins vegar, gera með sér svofelldan

## **Tímabundinn samning**

**Um öryggisvistun og þjónustu við einstakling, sem er með fjölþætta og sértæka stuðningsþörf, með lögheimili í Reykjavík.**

### **1. gr.**

#### **Markmið**

Með samningi þessum tekur Reykjavíkurborg að sér að starfrækja stofnun og veita þjónustu einstaklingi með fjölþætta stuðningsþörf sem þarf af þeim sökum að sæta öryggisvistun. Fyrir hönd Reykjavíkurborgar sér velferðarsvið um reksturinn (hér eftir nefnt rekstraraðili) en félagsmálaráðuneytið og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins kaupa í sameiningu þjónustuna (hér eftir nefnd þjónustukaupi). Með samningi þessum fylgir kröfulýsing þar sem finna má ítarlega lýsingu á því hvernig þjónusta skuli veitt.

Meginmarkmið samningsins er að tryggja að sá einstaklingur sem þarf á öryggisvistun að halda á samningstímanum fái hana ásamt þjónustu í samræmi við gildandi lög og reglur og þá alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Samningur þessi er framhald samnings milli samningsaðila sem undirritaður var 23. nóvember 2018 og gildi fyrir árið 2018.

### **2. gr.**

#### **Grundvöllur samnings**

Rekstraraðili skal reka öryggisvistunarræði sem sett er á fót með heimild í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Samningur þessi tekur til þjónustu við einstakling með SIS nr. 4456 sem dæmdur var til öryggisvistunar á grundvelli 62. gr. almennra hegningarlaga í máli héraðsdóms Reykjavíkur nr. S-184/2018.

Önnur lög sem um reksturinn kunna að gilda má finna í kafla 1 í kröfulýsingu með samningi þessum.

Aðilar eru sammála um að lagaumgjörð þeirrar þjónustu sem samningur þessi fjallar um sé ófullnægjandi og þurfi breytinga við. Með undirritun sinni á samning þennan er Reykjavíkurborg ekki á nokkurn hátt að fallast á að það sé lagaskylda borgarinnar að sinna þeirri þjónustu er samningur þessi tekur til, þ.e. öryggisgæslu samkvæmt dómi í sakamáli.

### **3. gr.**

#### **Verkefni þjónustukaupa**

Með samningi þessum tekur þjónustukaupi að sér að:

Tryggja fjármagn til þess að starfrækja þá öryggisvistun sem samið er um samkvæmt samningi þessum.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins mun í samvinnu við félagsmálaráðuneytið annast samningsgerð og útgreiðslu á kostnaði við samninginn skv. 8. gr. þessa samnings.

Félagsmálaráðuneytið mun á samningstímanum vinna markvisst að lagalegum forsendum og framtíðaruppbyggingu á þjónustu við einstaklinga, sem eru með það fjölpætta og sértæka stuðningsþörf að þörf er á öryggisvistun eða öryggisgæslu að mati dómstóla.

Félagsmálaráðuneytið skal jafnframt hlutast til um að viðkomandi einstaklingi verði skipaður tilsjónarmaður, sbr. ákvæði 62.gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Á samningstímanum vinnur félagsmálaráðuneytið að framtíðarúrræði fyrir þann einstakling sem hér er gerður samningur um. Undirbúningur felur m.a. í sér að tryggja húsnæði og gera á því nauðsynlegar breytingar ef þörf er á auk þess að undirbúa og þjálfa starfsfólk. Gert er ráð fyrir því að við lok samnings þessa yfirtaki þjónustukaupi skyldur velferðarsviðs samkvæmt samningi þessum. Haustið 2019 mun félags- og barnamálaráðherra leggja fram í ríkisstjórn minnisblað sem lýsir markmiðum öryggisvistunar með tillögum um skipan og fjármögnun þjónustunnar til framtíðar.

Félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa tekið ákvörðun um að endurskoða skuli almenn hegningarlög, lögræðislög, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, m.a. með tilliti til þeirrar þjónustu er um ræðir í samningi þessum.

### **4. gr.**

#### **Verkefni rekstraraðila**

Með samningi þessum tekur rekstraraðili að sér að starfrækja öryggisvistun fyrir framangreindan einstakling á grundvelli dóms í máli viðkomandi; S-184-2018. Um verkefni vísast til meðfylgjandi kröfulýsingar (sjá fylgiskjal nr. 1).

## 5. gr.

### Framvinduskýrsla og ársskýrsla

Í samræmi við kafla 1.2.1.2 í kröfulýsingu skal rekstraraðili senda þjónustukaupa framvinduskýrslu um framkvæmd þjónustu ársins eigi síðar en 1. mars 2020. Ársskýrsla með helstu lykiltölum í rekstrarreikningi skal berast þjónustukaupa eigi síðar en 1. maí 2020.

## 6. gr.

### Faglegar kröfur

Um faglegar kröfur vísast í kafla 2 í kröfulýsingu.

## 7. gr.

### Trúnaður og þagnarskylda

Rekstraraðili og starfsmenn hans skulu virða þagnarskyldu varðandi upplýsingar um persónulega hagi einstaklings og aðstandenda hans, sbr. 28. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 60. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og helst sú þagnarskylda starfsmanna þótt þeir láti af störfum. Rekstraraðili skal sjá til þess að gerðir séu skriflegir samningar við alla starfsmenn og skulu þeir undirrita sams konar skuldbindingu um þagnarskyldu.

## 8. gr.

### Greiðslutilhögun

Til að standa undir þjónustu og kröfum sem samningur þessi tekur til greiðir þjónustukaupi kr. 83.074.840,- inn á reikning Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, (sjá fylgiskjal 2). Greiðslur miðast við að rekstraraðili beri fulla fjárhagslega ábyrgð á rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa og lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna sinna.

Fjárhæðin er á verðlagi ársins 2019 og verðtryggð með launavísitölu að 90% og verðlagsvísitölu að 10% miðað við vísitölur janúarmánaðar 2019. Af heildarframlagi þjónustukaupa samkvæmt samningnum skulu 90% teljast vera vegna launakostnaðar og 10% vegna annars kostnaðar. Fari fram endurmat á launa- og verðlagsforsendum fjárveitinga innan ársins skal endurskoða framlag til rekstraraðila á grundvelli þeirra verðlagsforsendna.

Greiðsla þjónustukaupa skal lögð inn á bankareikning rekstraraðila, reikningur nr. 101-26-56 fyrir 15. desember 2019. Endurskoðun og uppgjör vegna verðlagsbreytinga, sem og vegna hugsanlegra breytinga á launa- og verðlagsforsendum skal fara fram í janúar 2020.

Óheimilt er að ráðstafa fé sem greitt er vegna samnings þessa til annars en þeirra verkefna sem tilgreind eru í samningnum.

## 9. gr.

### Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

Samningurinn er gerður á grundvelli 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna þeirrar þjónustu er samningurinn tekur til aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum rekstraraðila.

## 10. gr.

### Eftirlit með framkvæmd samningsins

Félagsmálaráðuneytið hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli þær faglegu kröfur sem skilgreindar eru í samningi þessum og fylgiskjölum, meðal annars með reglulegum og ótímasettum heimsóknum. Yfirlit um öll atvik sem komið hafa upp á samningstímanum og tengjast öryggisatriðum, áreitni, slysum og öðru sem máli skiptir skulu skráð. Sjá meðfylgjandi kröfulýsingu.

Ríkisendurskoðandi fer með eftirlit með framkvæmd samnings þessa, sbr. d-lið 1. mgr. 4. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016.

## 11. gr.

### Upplýsingaskylda

Rekstraraðili skal senda þjónustukaupa fyrir lok apríl 2020 endurskoðaðan og undirritaðan ársreikning ársins 2019, sundurliðaðan frá öðrum rekstri og eignum rekstraraðila.

Samningsaðilar ráðuneytisins heyra undir upplýsingalög, nr. 140/2012, og þurfa því að vera viðbúðir að sinna upplýsingabeidnum frá almenningi.

## 12. gr.

### Ábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu sem veita á samkvæmt samningi þessum að því tilskildu að ráðuneytið uppfylli þær skyldur sem á það eru lagðar samkvæmt ákvæðum 3. gr. samnings þessa. Ef síðar kemur fram skaðabótakrafa frá einstaklingi vegna meintrar ólögætrar vistunar ber ríkissjóður ábyrgð gagnvart þeim sem setur kröfuna fram.

## 13. gr.

### Vanefndir

Telji þjónustukaupi að rekstraraðili uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum getur hann birt rekstraraðila skriflega kröfugerð og krafist tafarlausra úrbóta og sett hæfilega tímafresti. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er þjónustukaupa heimilt að skerða framlag í réttu hlutfalli við brottfallið eða skerðinguna.

Ef rekstraraðili efnir ekki samningsskyldur sínar getur þjónustukaupi rift samningnum. Samningi þessum verður þó eigi rift nema vanefnd sé veruleg enda hafi þjónustukaupi áður gert rekstraraðila viðvart skriflega og sett honum hæfilegan frest til úrbóta.

Hafi rekstraraðili ekki bætt úr annmörkum samkvæmt kröfugerð innan tímafrests hefur þjónustukaupi heimild til að fresta greiðslu skv. 8. gr. þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar.

Þá telst það veruleg vanefnd af hálfu þjónustukaupa ef greiðslur til rekstraraðila eru ekki inntar af hendi í samræmi við 8. gr. samnings þessa eða ef þjónustukaupi uppfyllir ekki þær skyldur sem á hann eru lagðar samkvæmt ákvæðum 3. gr. samnings þessa.

#### **14. gr.**

#### **Réttarfar**

Mál er rísa kunna vegna brota á samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### **15. gr.**

#### **Gildistími**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2019 til og með 31. desember 2019 og rennur sitt skeið án sérstakrar uppsagnar og skal ekki framlengjast.

#### **16. gr.**

Samningur þessi er gerður í þremur (3) samhljóða eintökum.

Reykjavík, 27. nóvember 2019

F.h. félagsmálaráðuneytisins

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins

Fylgiskjöl:

1. Kröfulýsing endurskoðuð maí í 2019.
2. Kostnaðaráætlun Reykjavíkurborgar.